

97

3. júní

3. gr.
Peningaeign sjóðsins skal geymast og ávaxtast í Landsbanka Íslands, eða á vegum hans, þar til sjóðurinn hefur starfsemi sína samkv. 4. gr. og má ekki skerða höfuðstólinn eða vexti til þess tíma.

4. gr.

Sjóðnum skal varið til þess að reisa og reka elli- og hjúkrunarheimili fyrir Dalasýslu. Forgöngu til vistar á heimilinu hafa gamalmenni úr Suðurdölum (Hörðudals-, Miðdala- og Haukadalshreppum) og síðar aðrir íbúar Dalasýslu eftir því, sem rúm leyfir.

Þegar sýnt þykir að sjóðurinn ásamt öðrum framlögum, er honum kunna að berast, er orðinn það efnum búinn að honum er fært að reisa hús yfir vistmenn og starfsfólk heimilisins og getur staðið undir nauðsynlegum rekstrarkostnaði, skal hafizt handa um að reisa þetta dvalarheimili gamalmenna. Skal reisa það í landi jarðarinnar Fellsenda, þar sem hagfeldast þykir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum: Bankastjóra frá Landsbanka Íslands, kosnum af framkvæmdastjórum Viðskiptabanka Landsbankans, en undirritaður skiptaforstjóri skal þó vera í stjórninni svo lengi sem hans nýtur við, sýslumanni Dalasýslu, héraðslækninum í Dalasýslu, sóknarpresti Suðurdalalþinga og hreppsnefndaroddvita Miðdalahrepps. Endurskoðendur tvo velur sýslunefnd Dalasýslu.

6. gr.

Árlega skal gera reikning yfir hag sjóðsins og leggja hann fram endurskoðaðan fyrir sýslunefnd Dalasýslu og birta síðan í Stjórnartíðindum Íslands.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild stjórnartíðinda.

Reykjavík, 3. júní 1960.

Jón G. Mariásson.

98

8. júní

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

Frá og með 9. júní 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júní 1960.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.